

## Forsendur við mat á tilboðum í Fossá og Rauðá í Þjórsárdal.

21.nóvember 2022 auglýsti Skeiða- og Gnúpverjahreppur eftir tilboðum í leigurétt í Fossá og Rauðá í Þjórsárdal fyrir tímabilið 2023 – 2026.

Í auglýsingunni stóð:

Óskað er eftir tilboðum og skal þeim skilað í lokuðu umslagi á skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps eigi síðar en kl 11 hinn 6. desember næstkomandi. Tilboðin verða opnuð eftir kl 11 sama dag.

Við opnun tilboða bárust tvö tilboð og eitt frávikstilboð.

Ekki var tekið tillit til frávikstilboðs sem hljóðaði uppá 6 ára leigutímabil.

Tilboð barst frá Flyfishing Iceland ehf að upphæð 14.100.000 kr. þar sem greiðsla hvers árs er verðtryggð.

Tilboð barst frá Gísla S. Brynjólfssyni fyrir hönd óstofnaðs félags að upphæð 15.350.000 kr. þar sem greiðsla hvers árs er ekki verðtryggð.

Til að meta hvaða tilboð er hagstæðast þarf því að gera ráð fyrir verðbótum á greiðslum Flyfishing Iceland. Við mat á tilboðum er miðað við verðbólguþá Seðlabanka Íslands. Í tilboði Gísla S. Brynjólfssonar er gert ráð fyrir greiðslum 15.september ár hvert. Tilboð eru opnuð 6.desember og er miðað við áætlaðar verðbætur frá opunardegi tilboða.

Eftirfarandi tafla sýnir forsendur útreikninga við mat á tilboðum.

	2023	2024	2025	2026	Samtals
Gíslí S. Brynjólfsson	3.675.000	3.800.000	3.875.000	4.000.000	15.350.000
Greiðsla 15.september hvert ár					
Flyfishing Iceland ehf	3.300.000	3.450.000	3.550.000	3.750.000	14.050.000
Verðbólguþá skv. Spátöflu Seðlabanka Íslands	6,0%	3,6%	3,5%	2,5%	
Verðbætur mv. Greiðslu 15.september hvert ár	148.500	300.150	433.988	561.563	1.444.200
<b>Samtals með verðbótum</b>	<b>3.448.500</b>	<b>3.750.150</b>	<b>3.983.988</b>	<b>4.311.563</b>	<b>15.494.200</b>

Tilboð Flyfishing Iceland ehf er því metið sem hagstæðasta tilboðið.